

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/530**  
**komudagur 29.11.2011**

Bjarni Már Magnússon  
Reynimelur 88  
107 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2011

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis-nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um athugasemdir við skýrslu forsætisnefndar um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá Íslands þingskjal 3, 3. mál, 140. löggjafarþing.**

Undirritaður vill gera athugasemdir við útskýringar við 3. gr. tillagna stjórnlagaráðs sem og greinina sjálfa.

Þriðja greinin ber yfirskriftina yferráðasvæði og hljóðar svo:

„Íslenskt landsvæði er eitt og óskipt. Mörk íslenskrar landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu skulu ákveðin með lögum.“

Í útskýringum forsætisnefndar kemur eftirfarandi fram:

„Orðalagið um mörk landhelgi, lofthelgi og efnahagslögsögu ber einnig að skilja í samræmi við þróun hafréttar á síðari hluta 20. aldar, einkum með tilkomu hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1982, og felur m.a. í sér yferráð yfir innsævi og landgrunni. Hér er sem sagt um að ræða þau svæði þar sem strandríki hefur fullveldi, fullveldisréttindi og/eða lögsögu samkvæmt hafréttarsamningi.“

Við orðalag 2. másl. 3. gr. ákvæðisins og útskýringar við másl. er það að athuga að ekki er venjan að telja efnahagslögsögu til yferráðasvæðis ríkja heldur telst hún til svæðis þar sem ríki njóta ákveðina fullveldisréttinda, sbr. 55-58. gr. hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982. Þau svæði sem teljast til yferráðasvæða ríkja eru landsvæði, innsævi, landhelgi og lofthelgi. Önnur svæði ekki.

Auk þess verður að benda á að efnahagslögsöguhugtakið nær ekki til hafsbotnisins, sbr. 3. tl. 56. gr. hafréttarsamningsins. Efnahagslögsagan og landgrunnið eru aðskilin hugtök og ekki hægt að líta svo á að annað hugtakið taki til hins. Einungis hagkvæmnisástæður liggja því að baki að hámarksvíðátta efnahagslögsögunnar og lágmarksvíðátta landgrunnins er hin sama, þ.e. 200 sjómílar frá grunnlíum sem víðátta landhelginnar er mæld frá.

Þar að auki verður að benda á að vangaveltur um innsævi teygir anga sína til 18. aldar og var nútíma útfærsla þess fullmótuð í Genfarsamningunum frá 1958. Um nýtt lagahugtak er því ekki að ræða,

Að mati undirritaðs væri réttast að skipta 3. gr. tillagnanna í tvær greinar þannig að 1. másl. væri stök grein sem og 2. másl. Fyrri greinin bæri yfirskriftina íslenskt landsvæði og væri samhljóða tillögum stjórnlaganefndar og skýrslu forsætisnefndar. Önnur grein bæri yfirskriftina íslensk hafsvæði og yrði orðuð með eftirfarandi hætti: „Ytri mörk íslenskra hafsvæða skulu ákveðin með lögum í samræmi við reglur þjóðaréttar.“ Slíkt orðalag tekur mið af þeim möguleika að Ísland ákveði í framtíðinni að taka

sér 24 sjómílna aðlægt belti í samræmi við 33. gr. hafréttarsamningsins og nauðsynlegum sveigjanleika til að mæta ófyrirséðum (og ólíklegum) breytingum þjóðaréttarins.

Virðingarfyllst

Bjarni Már Magnússon lögfræðingur